

Nd.

183. Frumvarp til laga

[66. mál]

um iðnráðgjafa.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. des.)

1. gr.

Ákveði samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög, sbr. 2. gr., að ráða iðnráðgjafa til starfa á sínum vegum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra, svo og kostnað við samræmingu, sbr. 4. gr.

Framlagið miðist við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði hlutaðeigandi samtaka eða miðað við kjördæmi.

2. gr.

Iðnþróunarfélag, skv. lögum þessum, merkir félag er hefur landshluta eða kjördæmi sem starfssvæði og sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar geta átt aðild að, enda hafi félagið það markmið að efla iðnþróun á starfssvæði sínu.

3. gr.

Helstu verkefni iðnráðgjafa eru þessi:

- a) Að hjálpa iðnfyrirtækjum og aðilum, sem hyggja á iðnrekstur, að greina þörf sína fyrir sérfræðiaðstoð og veita upplýsingar um hvar slíka aðstoð sé að fá.
- b) Að vera tengiliður milli tækni- og þjónustustofnana iðnaðarins og þeirra aðila sem starfa í iðnaði og að iðnaðarmálum í landshlutanum.
- c) Að aðstoða sveitarstjórnir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga við athuganir á nýjum viðfangsefnum í iðnaði.
- d) Að miðla upplýsingum um tækni- og rekstrarmálefni og hafa milligöngu um nám-skeiðahald og aðra fræðslustarfsemi sem völ er á fyrir starfsfólk í iðnaði.
- e) Að stuðla að aukinni samvinnu iðnfyrirtækja bæði innan starfsgreina og þeirra í milli, svo og tengslum við fyrirtæki í öðrum greinum.
- f) Að vera til ráðuneytis þeim aðilum sem eiga þátt í að móta atvinnumálastefnu lands-hlutans.

4. gr.

Iðnaðarráðuneytið sér um framkvæmd þessara laga.

Tryggð skulu tengsl iðnráðgjafa við tækni- og þjónustustofnanir og samtök iðnaðarins og störf þeirra samræmd, undir forustu Iðntæknistofnunar, með hliðsjón af stefnumörkun um iðnþróun og þeim aðgerðum sem unnið er að á hverjum tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til 31. desember 1985.